

Mál nr. 254/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/innbústrygging

Þjófnaður úr íbúð þann 15.11. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Þann 25.11. 2007 var lögreglan kvödd að húsnæði M vegna “innbrots”. Sama dag mun vátryggingafélaginu hafa verið tilkynnt um atvik. Aðilar á þess vegum fóru á vettvang. Félagið telur að ekki hafi verið sjáanleg ummerki á vettvangi á hurða- eða gluggabúnaði sem gefið gæti til kynna að um innbrot hafi verið að ræða skv. vátryggingarskilmálum.

Þann 28.12. 2007 bárust félaginu upplýsingar um að “tveir men hefðu verið handteknir í tengslum við málið og þýfi í þeirra fórum afhent” M. Mennirnir munu samkvæmt framburðarskýrslu kunnugir M.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur fullsannað að þjófnaður sá sem átti sér stað hafi verið framinn af mönnum sem áttu greiða leið inn í íbúð M sem hafi verið ólæst. Forsenda fyrir greiðsluskyldu sé að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Svo hafi ekki verið.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Forsenda fyrir greiðsluskyldu samkvæmt vátryggingarskilmálum er sú að ótvíræð ummerki séu eftir innbrot. Það skilyrði er ekki uppfyllt í máli þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.